

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290 28. júlí 1992, um veiðar í atvinnu-
skyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993, sbr. reglugerð
nr. 119, 17. mars 1993.

1. gr.

Í stað „þ.a. Eldey ... 800 lestir“, í 1. mgr. 4. tl. 3. gr. sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 119/1993
komi: þ.a. Eldey ... 500 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða
til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bátaábyrgðarfélög nr. 367/1976 með
síðari breytingum.

1. gr.

4. málsg. 31. gr. orðist svo:

Nú verður skip fyrir algeru tjóni á váttryggingartímabilinu og fellur þá niður réttur til
endurgreiðslu iðgjalds.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög og öðlast
þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. maí 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.